



Borgarráð

Íþróttastarf í Safamýri

Lagt er til að borgarráð samþykki að íþrótt- og tómstundasviði (ÍTR) verði falið, í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), að ganga til samninga við Knattspyrnufélagið Víking um að félagið taki að sér að þjóna núverandi svæði Knattspyrnufélagsins Fram í Safamýri eftir flutning Fram á nýtt félagssvæði þess í Úlfarsárdal. Gert er ráð fyrir að núverandi íþróttamannvirki Fram í Safamýri, íþróttahús og gervigrasvöllur, sem verða eign Reykjavíkurborgar, verði falin Knattspyrnufélaginu Víkingi til reksturs með sérstökum þjónustusamningi þegar Fram hefur flutt starfsemi sína í Úlfarsárdal. Núverandi grasæfingasvæði í Safamýri verða tekin til annarrar þróunar. Nauðsynlegt er að Knattspyrnufélagið Fram, Knattspyrnufélagið Víkingur, fulltrúar íbúa, ÍBR og ÍTR hefji þegar undirbúning vegna þessa breytinga á íþróttastarfi í Safamýri. Menningar-, íþrótt- og tómstundarráð skal falið að sinna stefnumótun og eftirliti með verkefninu af hálfu borgarinnar.

Greinargerð:

Undanfarin misseri hefur framkvæmdastjóri ÍTR og fulltrúar ÍBR átt samráð við fulltrúa íþróttafélaga, fulltrúa Fram og íbúa í Safamýri um framtíðarfyrirkomulag íþróttastarfs í hverfinu eftir að Fram flytur starfsemi sína í Grafarholt og Úlfarsárdal. Af hálfu íbúa hafa skoðanir aðeins verið skiptar um hvaða félag væri best til að þjóna svæðinu en samstaða hefur verið um að því fyrir sem það liggi fyrir, því betra. Stýrihópur um framtíðarstefnu í íþróttamálum sem settur var á laggirnar í kjölfar samþykktar borgarstjórnar sl. haust hefur haft málið til umfjöllunar og m.a. hitt fulltrúa félaga sem áhuga hafa haft á að þjóna Safamýri, ásamt því að hitta fulltrúa íbúa á svæðinu. Í áfangaskýrslu hópsins er það einróma niðurstaða hans að leggja til að gengið verði til samninga við Víking.

Eftirfarandi rök hníga að því að ganga til samninga við Knattspyrnufélagið Víking um

framtíðarþjónustu í Safamýri.

Jafnvægi milli íbúa á baki hverfafélögum

Í núverandi hverfi Víkings eru um 9.000 íbúar og samkvæmt áætlunum munu þeir verða 14.500 miðað við nýja hverfaskiptingu. Til samanburðar eru Valur, KR, Þróttur, Ármann, ÍR og Fjölnir með á bilinu 17.000 til 21.000 íbúa. Fylkir og Fram eru með færri íbúa bak við sig eða 8.000 – 12.000. Ef Valur tæki yfir núverandi Fram hverfi þá yrði Valshverfið með 24.000 íbúa. Að auki eru umtalsverð uppbygging væntanlega á Hlíðarenda sem myndi stækka íbúatölu í hverfi Vals umtalsvert en uppbygging af sambærilegri stærðargráðu er ekki fyrirsjáanleg á núverandi svæði Víkings. Ef tryggja á jafnvægi milli íþróttafélaga þegar kemur að íbúatölu á bak við hvert félag er heppilegra að stækka svæði þeirra félaga sem minni eru, í þessu tilfelli, svæði Víkings.

Góðar almenningssamgöngur

Neðangreind tafla er fenginn með því að skoða ferðatíma með ólíkum ferðamátum frá Safamýri og til Hlíðarenda annars vegar og Víkurinnar hins vegar, skv. Google Maps.

	Hlíðarendi – Safamýri	Víkin - Safamýri
Á bíl	7	7
Gangandi	26	36
Strætó	23-28	19-28

Í loftlínu er styttra yfir á Valsvæðið en þó ber að hafa í huga að þungamiðja hverfisins í heild sinni kunni að liggja eitthvað austar. Almennt eru strætótengingar milli Safamýrar og núverandi svæðis Víkings betri, til dæmis liggur leið 11 í gegnum bæði hverfin og ætti að skapa möguleika á tengingu svæðanna án sérstaks frístundaraksturs.

Tengsl við aðrar hverfaskiptingar

Skólahverfi fyrir Háaleitisskóla-Álftamýri nær til svæðis sem afmarkast af Suðurlandsbraut, Kringlumýrarbraut og Miklubraut. Skólahverfi Háaleitisskóla-Hvassaleiti afmarkast af Miklubraut, Kringlumýrarbraut, Bústaðarvegi og Grensásvegi. Með því að gera semja við Víking um þjónustu við Safamýrarsvæði fellur allt skólahverfi Háaleitisskóla undir þjónustusvæði sama hverfisíþróttafélags, sem myndi teljast kostur við þá ráðstöfum. Ef sú leið verður farin að ganga til samninga við Víking mun þjónustusvæði Víkings einnig falla nokkuð vel að borgarhverfinu „Háaleiti og Bústaðir“ í hverfaskipulagi borgarinnar.

Sterk framtíðarsýn með tveimur kjörnum

Litið var til vaxtamöguleika á Safamýrarsvæðinu og því markmiði að tryggja varanlega og vaxanda þjónustu við íbúa með tilkomu nýs félags. Líkur eru á því að framtíðaráform Vals byggja á áframhaldandi uppbyggingu öflugs kjarna á núverandi svæði félagsins þar sem aðstaða til keppni

og æfinga í knattspyrnu, handbolta og körfubolta er með ágætum. Rætt hefur verið um að verið um, í tengslum við mögulegan þjónustusamning við Víking að félagið myndi til dæmis leggja meiri áherslu á keppni í handbolta á Safarmýrarsvæðinu en að nýta aðstöðunna í Víkinni til keppni í knattspyrnu. Þessi framtíðarsýn þykir ríma vel við áherslur borgarinnar og óskir íbúa svæðisins.

Dagur B. Eggertsson